

Ed.

492. Frumvarp til laga

[118. mál]

um hundahald og varnir gegn sullaveiki.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Bæjarstjórnnum og hreppsnefndum er heimilt að ákveða með samþykkt, er heilbrigðismálaráðuneytið staðfestir, að takmarka eða banna hundahald í sveitarfélaginu.

2. gr.

Sérhver skattgreiðandi skal á skattaframtali gera grein fyrir þeim hundum, sem hann eða aðrir, er hann hefur á framfæri sínu, eiga um áramót.

Hreppstjóri í hverjum hreppi, en skattstjóri eða skattanefnd í hverjum kaupstað, skulu gera skrá yfir hunda þá, sem í sveitarfélaginu eru, og afhenda hana sýslumanni eða bæjarfógeta (í Reykjavík tollstjóra) í aprilmánuði ár hvert.

3. gr.

Af hundum búenda og annarra, er búfé eiga, skal greiða 15 króna skatt árlega, en af öðrum hundum 150 kr. skatt árlega.

Skatturinn rennur í bæjar- eða sýslusjóð og innheimtist á manntalsþingi.

4. gr.

Skyldur er hver sá, sem lætur slátra skepnum, er sullur finnst í, að grafa þegar í stað það slátur, sem sollið er, svo og hausa af höfuðsóttarkindum, það djúpt í jörð niður, að hundar geti eigi náð því, eða brenna það.

Brot gegn ákvæði þessu varða allt að 500 króna sekt, og fær sá annan helming sektarinnar, er upp ljóstrar, en sveitarsjóður hinn.

5. gr.

Bæjarstjórnir, eða hreppsnefndir undir umsjón sýslunefnda, skulu sjá um hreinsun hunda til útrýmingar bandormum, hver í sínu umdæmi.

Kostnaður greiðist úr bæjar- eða sýslusjóði.

6. gr.

Heilbrigðismálaráðuneytið setur, í samráði við landlækni og yfirdýralækni, reglugerð um hreinsun hunda vegna bandorma, meðferð sulla úr sláturfé, svo og annað, er þurfa þykir, til útrýmingar sullaveiki.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum eða samþykktum, sem settar kunna að vera samkvæmt þeim, varða sektum, er nemi 500—1000 krónum. Sektirnar renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið.

8. gr.

Með mál gegn brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 18 frá 1890, um hundaskatt og fleira, lög nr. 8 frá 1924, um heimild fyrir bæjarstjórnir og hreppsnefndir til að takmarka eða banna hundahald í kaupstöðum og kaupstúnum, svo og önnur ákvæði, er brjóta í bága við lög þessi.